



## Stjórnarfundur AKÍS

**Staður og tími:** Google Hangouts - 21.11.2017 kl. 18:00

### Mætt:

Jón Bjarni Jónsson (JBJ), Tryggvi Magnús Þórðarson (TMÞ), Þrándur Arnþórsson (ÞA), Baldvin Hansson (BH), Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Ragnar Róbertsson (RR), Sigurður Gunnar Sigurðsson (SGS), Torfi Arnarson (TA)

### Fjarverandi:

Garðar Þór Garðarsson (GPÞ), Kristinn Snær Sigurjónsson (KSS), Einar Gunnlaugsson (EG)

ÞA ritaði fundargerð.

### 1. Aðalfundur FIA í París

Verður haldinn í byrjun næsta mánaðar. Kosning fyrir næstu fjögur ár. Tilnefning í nefndir.

Einnig mikilvægt að eiga fulltrúa þar sem fjallað er um styrki og FIA task force. Samþykkt að AKÍS sendi fulltrúa.

### 2. Skipan í keppnisráð

Brynjar Gauti Schiöth hefur hug á að hætta í keppnisráði í drifti fyrir hönd BA. Beðið er eftir annarri tilnefningu frá stjórn BA.

Ragnar Þ Magnússon er til í að taka sæti í Torfæuraráði þar sem Sævar Gunnarsson gefur ekki lengur kost á sér, fyrir hönd AÍFS. Samþykkt.

### 3. Námskeið í boði erlendis

Í boði eru:

- Rally öryggisnámskeið á Írlandi í janúar - Erindinu beint til rallyráðs
- Racing öryggisnámskeið hjá Svíum í mars - Erindinu beint til hringakstursráðs
- Dórnefndarnámskeið FIA í Genf í febrúar - ákveðið að fresta ákvörðun um þetta námskeið, þar sem það virðist ætlað fyrir meistaramót FIA.

Stjórn AKÍS sendi fulltrúa á rally og racing námskeiðin.

Tillögur verða að liggja fyrir fyrir næsta stjórnarfund 5. desember 2017.

### 4. Leyfi til myndbirtinga

Samþykkt leyfi til myndbirtinga fyrir keppnisárið 2018:

Ágúst Bjarni Arnarsson

### 5. Önnur mál

**NEZ torfæra 2018** - Komin er staðfesting frá Svíum að NEZ bikarkeppnin í torfæru verði haldin í Gotlandi 30. júní og 1. júlí 2018 og hefur meirihluti NEZ nefndarinnar samþykkt



Það. Því miður hittir þetta á sömu helgi og Egilsstaðatorfæran, en keppnishaldari hennar, START, ætlar að svara eftir daga hvað félagið vill gera.

**Formannafundur ÍSÍ** - Formannafundur ÍSÍ var haldinn 17. nóvember 2017 í Laugardalshöll. Þar var farið yfir starfið til þessa bæði í framkvæmd og einnig fjárhagslega. Þá voru þar flutt fjögur erindi:

- a) **Hagræðing úrslita í íþróttum.** Farið yfir og bent á hættur sem stafa af veðmála síðum. Ekki er vitað um hvort íslenskar aksturíþróttir hafa ratað þangað, en vert að skoða nánar og fylgjast með.  
Hugmynd að fá sérstaka kynningu á næsta stjórnarfundi frá Þorvaldi Ingimundarsyni, sem er meðal annars heilindafulltrúi (integrity officer) hjá KSÍ
- b) **Afrekssjóður ÍSÍ.** Þar er AKÍS C-flokkur og þarf að skoða nánar hvernig við förum að því að komast upp um flokk, allavega í ákveðnum greinum.
- c) **Skráningarkerfi íþróttahreyfingarinnar.** Það vakti athygli formanns og framkvæmdastjóra að að aldrei var minnst á Felix, heldur alltaf á skráningarkerfi íþróttahreyfingarinnar. Hvað svo sem má lesa úr því.
- d) **Betra félag – góðir stjórnunarhættir.** Verið að safna saman á einn stað upplýsingum, fræðslufni og kynningarefni um góða stjórnunarhætti hjá félögum, með áherslu á íþróttahreyfinguna.

## 6. Næsti fundur

5. desember 2017 @ 17:15 í fundarherbergi GSÍ.